

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 377/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Aðalsteini Guðlaugi Aðalsteinssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Nytjastuldur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi til endurskoðunar samkvæmt b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, og var þá af hálfu ákærvalds einnig áfrýjað, að því er hann varðar, til þyngingar á refsingu, með stefnu 22. ágúst 1994, en meðákærði undi dóminum.

Ákærvaldið krefst nú staðfestingar héraðsdóms.

Héraðsdómur var kveðinn upp 7. júlí 1994. Þá höfðu tekið gildi lög nr. 37/1994 um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Er í 5. gr. þeirra kveðið nánar um efni dóma en áður var, þar á meðal um lýsingu málavaxta í aðalatriðum, röksemdir dómara fyrir niðurstöðu og viðurlög, og tekið fram, að í röksemdum dómara skuli koma skýrlega fram, hvað hann telji sannað í máli og með hverjum hætti. Nokkuð vantar á, að í héraðsdómi hafi verið gætt þessa ákvæðis; meðal annars er allýtarlegrar lögreglurannsóknar þar að engu getið.

Í lögregluskýrslum kemur fram, að þeir þrír menn, sem handteknir voru sunnudaginn 23. janúar 1994 um kl. 12.30, eftir að þeir reyndu að hlaupa frá bifreiðinni, sem þeir höfðu verið í og ekið á ljósastaur, voru mjög drukknir, en þeir höfðu verið að drykkju frá því kvöldið áður.

Hjá lögreglu bar ákærði, að þeir hefðu verið að skemmta sér uppi í Breiðholti. Þeir hefðu síðan, nokkrir félagar, tekið saman leigu-bifreið niður í miðborg, en þaðan gengið niður á Ægisgarð og farið þar um borð í rússneskan togara. Félagar sínir hafi boðið Rússunum ýmsa muni, er þeir sögðu vera þýfi, en þeir hefðu ekki verið með

neitt. Þeir hefðu gengið frá borði og inn á ölstofuna Skipperinn, en verið vísað þar á dyr. Síðan hefðu þeir gengið eftir Tryggvagötu og komið að bifreið, sem var í gangi, baka til við Naustkrána. Einn þeirra hefði sest undir stýri, ákærði og einn annar sest inn í bílinn, en aðrir ekki. Ákærði reyndist við mælingu hafa 2,37‰ alkóhóls í blóði sínu.

Fyrir héraðsdómi skýrði ákærði frá á annan veg. Þar sagði hann, að sér hefði skilist, að meðákærðu hefðu ætlað að aka sér heim og að einhver myndi sækja meðákærðu niður í bæ, og hann hefði haldið, að bifreið sú, er hann settist upp í, væri komin til að sækja þá, og meðákærðu boðið honum far.

Telja verður ljóst, að allir ákærðu hafi skynjað, að þarna var bifreið, sem þeir gætu haft not af. Ákærða mátti vera fullljóst, að enginn þeirra réð yfir bifreiðinni. Þeir settust upp í bifreiðina og óku af stað. Héraðsdómari hefur því réttilega sakfelld ákærða fyrir nytjastuld samkvæmt 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 7. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-81/1994: Ákærvaldið gegn Aðalsteini Guðlaugi Aðalsteinssyni og X, sem dómtekið var 16. júní sl.

B.

Með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 14. febrúar sl., var höfðað opinbert mál á hendur Y [...], X [...] og Aðalsteini Guðlaugi Að-

alsteinssyni, Engihlíð 10, Reykjavík, kt. 170561-4309, „fyrir að taka bifreiðina IX-159 í heimildarleysi sunnudaginn 23. janúar 1994, þar sem hún var á bifreiðastæði við Naustkrána, Vesturgötu 6—8 í Reykjavík, og á hendur ákærða Y fyrir að aka frá nefndu bifreiðastæði undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti svo óvarlega, að hann ók á hliðstólpa og síðan á ljósastaur við mót Geirsgötu og Tryggvagötu.

Þetta telst varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, og brot ákærða Y að auki við 1. mgr. 4. gr., 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og ákærði Y að auki til sviptingar ökuréttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

— — —

B.

Í þinghaldi 6. júní sl. var þáttur ákærða Y klofinn frá málinu og tekinn til dóms.

Y viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni IX-159 í heimildarleysi umrætt sinn. Hann sagði, að ákærði Aðalsteinn hefði setið frammi í bifreiðinni og ákærði X aftur í, en fleiri hefðu ekki verið í bílnum. Ekki mundi Y, hvers vegna þeir fóru upp í bílinn.

Ákærði X skýrði svo frá, að hann myndi óljóst eftir atvikum, en hann hefði komið ásamt nafna sínum og ákærða Aðalsteini að bifreiðinni, þar sem hún stóð í námunda við Naustkrána. Settist ákærði í aftursæti og sagði, að bifreiðin hefði þá verið í gangi. Þeir þremmenningar hefðu ekki rætt um það sín á milli að taka bifreiðina og aka henni.

Ákærði Aðalsteinn G. Aðalsteinsson sagðist hafa orðið samferða með ákærðu ofan úr Breiðholti í leigubíl niður í miðbæ. Hann sagði, að sér hefði skilist, að meðákærðu hefðu ætlað að aka sér heim, en ákærði sagðist muna atburði illa. Hann hefði haldið, að bifreið sú, er hann settist upp í, væri komin til að sækja þá. Ákærði mundi ekki, hvort ökumaður var í bílnum; hann hefði sest upp í bílinn, sem síðan hefði verið ekið með miklum hávaða og endað með því, að bíllinn rakst á eitthvað.

Ákærðu Aðalsteinn Guðlaugur og X komu að bifreiðinni IX-159, þar sem hún stóð í námunda við Naustkrána 23. janúar sl., og settust inn í hana. Bendir allt til þess, að þeir hafi haft í hyggju að hafa þau not hennar, að láta Y aka sér frá þeim stað, er hún var á. Gerðust ákærðu báðir með þessu brotlegir gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, svo sem haldið er fram í ákæru.

Niðurstæða.

— — —

Ákærði Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson hefur frá því á árinu 1979 hlotið fjóra dóma fyrir brot á almennum hegningarlögum og umferðarlögum, síðast 29. október 1992 fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða var veitt reynslulausn 27. apríl 1993 í eitt ár á eftirstöðvum refsingar, 60 dögum. Með broti sínu rauf ákærði skilorð reynslulausnar, og samkvæmt 42. gr. almennra hegningarlaga verður reynslulausn ákærða nú tekin upp, og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Aðalsteins Guðlaugs Aðalsteinssonar hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 35.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 35.000 krónur.

Skaðabótakröfu Tækjamiðlunar Íslands hf. er vísað frá dómi.

Ákærði Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl. 35.000 krónur.
